

LEIÐBEININGABLAÐ 13

Dæmi um auglýsingar vegna deiliskipulagstillagna

Í þessu leiðbeiningarblaði eru settar fram tillögur að auglýsingum sem sveitarstjórn þarf að birta í vinnslu- og afgreiðsluferli deiliskipulags. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er nánar kveðið á um auglýsingar, svo sem hvenær á að auglýsa með áberandi hætti og í hvaða tilfellum birta á auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og B-deild Stjórnartíðinda.

Í eftirfarandi dæmum er notað nafn ímyndaðs sveitarfélags og deiliskipulags, þ.e. Brekkuhverfi í Staðarbæ. Skáletraður texti stendur fyrir atriði sem sveitarstjórn þarf að útfæra í raunverulegri auglýsingu.

Tilvísun í umhverfisskýrslu þarf einungis að hafa í auglýsingu þegar tillaga að deiliskipulagi eða deiliskipulagsbreytingu fellur jafnframt undir lög um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006.

Eftirfarandi dæmi um auglýsingar vegna deiliskipulagsgerðar eru annars vegar settar fram fyrir nýtt deiliskipulag skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hins vegar fyrir verulega breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynning lýsingar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Kynning á lýsingu fyrir almenningi skal vera með áberandi hætti, svo sem með birtingu auglýsingar um hana í viðlesnu dagblaði, með dreifibréfi eða á íbúafundi sem hefur verið auglýstur, eftir því sem efni fyrirhugaðs deiliskipulags gefur tilefni til. Sveitarstjórn ákveður kynningatíma.
- Heimilt er að falla frá gerð lýsingar ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi.

Lýsing fyrir gerð deiliskipulagstillögu 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ

Sveitarstjórn Staðarbæjar hefur samþykkt lýsingu fyrir gerð deiliskipulags 2. áfanga Brekkuhverfis skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að á umræddum reit verði ... *lýsing á efni og áherslum*.... . [Tillagan er háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*] Lýsingin er á heimasíðu Staðarbæjar www.....is. Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa fyrir*dagsetning skilafrests*..., á ...*heimilisfang*... eða á netfangið:@.....is

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Kynningarfundur skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Heimilt er að falla frá slíkri kynningu ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi.

Kynningarfundur vegna tillögu að deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ

Tillaga að deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis [ásamt drögum að umhverfisskýrslu*] verður kynnt*heimilisfang, dagsetning og tímasetning*..... skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í kjölfar kynningarfundarins verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu hennar.

eða:

Tillaga að deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis [ásamt drögum að umhverfisskýrslu*] verður til sýnis og umræðu hjá skipulagsfulltrúa skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ...*heimilisfang, dagsetning og tímasetning*..... Í kjölfar kynningarinnar verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu hennar.

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Auglýsing á deiliskipulagstillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Þó er heimilt að auglýsa tillöguna eingöngu í svæðisbundnum fréttamiðlum ef ætla má að þeir nái til allra hagsmunaaðila. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtinga- blaðinu. Auglýsingatími skal vera a.m.k. 6 vikur.

Tillaga að deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ.

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti*dagsetning samþykktar*... að auglýsa tillögu að deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 [og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*]. Skipulagssvæðið markast af ...*lýsing á skipulagsmörkum*... Deiliskipulagstillagan felur í sér ...*lýsing á efni tillögu*... Tillagan [ásamt umhverfisskýrslu*] liggur frammi á ...*heimilisfang*.. frá ..*upphafs- og lokadagsetning athugasemdafrests*... og á heimasíðu Staðarbæjar, www.....is. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi*lokadagsetning athugasemdafrests*.. annaðhvort á ..*heimilisfang*... eða á netfangið:.....@..is

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Auglýsing á niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Hafi athugasemdir borist á auglýsingatíma, eða sveitarstjórn gert breytingar á tillögunni að auglýsingatíma loknum, sem varðað geta hagsmunaaðila, skal auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Samþykkt deiliskipulags fyrir 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti ...*dagsetning samþykktar*... deiliskipulag fyrir 2. áfanga Brekkuhverfis. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 [og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*]. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn sveitarstjórnar. [Deiliskipulagið er samþykkt með þeirri breytingu að ... *lýsing*...] Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda skv. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Þegar Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga lætur sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið tekur við það gildi.
- Auglýsingin skal birt innan árs frá lok auglýsingatíma sbr. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Auglýsing um deiliskipulag 2. áfanga Brekkuhverfis Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti *...dagsetning samþykktar....*, deiliskipulag fyrir 2. áfanga Brekkuhverfis. Deiliskipulagið felur í sér *... stutt lýsing...* Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 [og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2005.*] Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Veruleg breyting á deiliskipulagi

Kynning lýsingar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Ekki er skylt að gera lýsingu fyrir breytingu á deiliskipulagi.
- Kynning á lýsingu fyrir almenningi skal vera með áberandi hætti, svo sem með birtingu auglýsingar um hana í víðlesnu dagblaði, með dreifibréfi eða á íbúafundi sem hefur verið auglýstur, eftir því sem efni fyrirhugaðs deiliskipulags gefur tilefni til. Sveitarstjórn ákveður kynningatíma eftir aðstæðum.

Lýsing fyrir gerð tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ

Sveitarstjórn Staðarbæjar hefur samþykkt lýsingu fyrir breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir *...lýsing á breytingu og áherslum....* [Tillagan er háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*] Lýsingin er á heimasíðu Staðarbæjar www.....is. Ábendingar við tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa fyrir *....dagsetning skilafrests...*, á *...heimilisfang...* eða á netfangið:@.....is

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Kynningarfundur skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Ekki er skylt að halda kynningarfund ef allar meginforsendur liggja fyrir á aðalskipulagi.

Kynningarfundur, tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis [ásamt drögum að umhverfisskýrslu*] verður kynnt*heimilisfang, dagsetning og tímasetning*..... skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í kjölfar kynningarfundar verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu hennar.

eða:

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis [ásamt drögum að umhverfisskýrslu*] verður til sýnis og umræðu á hjá skipulagsfulltrúa skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ...*heimilisfang, dagsetning og tímasetning*... Í kjölfar kynningar verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu hennar.

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi skal hún auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Þó er heimilt að auglýsa tillöguna eingöngu í svæðisbundnum fréttamiðlum ef ætla má að þeir nái til allra hagsmunaaðila. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Auglýsingatími skal vera a.m.k. 6 vikur.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis, Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti*dagsetning samþykktar*... að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkuhverfis skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 [og umhverfisskýrslu, sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*]. Breytingarsvæðið afmarkast af ...*lýsing*... Í breytingunni felst*lýsing á efni tillögu*... Tillagan [ásamt umhverfisskýrslu*] liggur frammi á ... *heimilisfang* ..frá ..*upphafs- og lokadagsetning athugasemdafrests*... og á heimasíðu Staðarbæjar, www.....is .

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi*lokadagsetning athugasemdafrests*... annaðhvort á ...*heimilisfang*... eða á netfangið:@...is

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Auglýsing á niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Auglýsa skal niðurstöðu sveitarstjórnar þegar athugasemdir hafa borist á auglýsingatíma eða sveitarstjórn hefur gert breytingar á tillögunni að auglýsingatíma loknum sem varðað geta hagsmunaaðila.

Samþykkt á breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkhverfis, Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti ...*dagsetning samþykktar...* breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkhverfis. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 [og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*]. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn sveitarstjórnar. [Sú breyting var gerð frá auglýstri tillögu að ...*lýsing...*] Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda skv. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

- Þegar Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagisbreytinguna skv. 42. gr. skipulagslaga lætur sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykktina á deiliskipulagsbreytingunni í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagsbreytingin tekur við það gildi.
- Auglýsingin skal birt innan árs frá lok auglýsingatíma sbr. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkhverfis, Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti ...*dagsetning samþykktar....*, breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Brekkhverfis. Í breytingunni felst ...*stutt lýsing...* Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 [og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*]. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi eða bæjarstjóri Staðarbæjar

* Þessi hluti textans er aðeins notaður ef tillagan er háð lögum um umhverfismat áætlana.

SKIPULAGSSTOFNUN

Laugavegi 166 • 150 Reykjavík
Sími 595 4100 • Bréfasími 595 4165

Tölvupóstur skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is • Heimasíða www.skipulagsstofnun.is